

Bryndís



Þær sátu við hliðina á okkur á brautarpallinum, amman með barnið og tískudrósinn – sem var reyndar með tvær dætur sínar á fermingaráldri. Nema hvað, hún var bara svo smart í taunu og örugg með sjálfa sig, að við tengdum hana ósjálfrátt tískubrönsanum. Við gátum auðvitað ekkert talað saman, önnur frá Mongólíu, hin frá Ekaterinburg – og við frá Íslandi. Rétt eins og fiskar á þurru landi, bjargarlaus, ef eitthvað færi úrskeiðis. Sú frá Ekaterinburg gat þó á „gebrocken“ ensku, sannfært okkur um, að við sætum við rétt hlið og mundum að lokum ná til Moskvu. „Bara gæta þess að fara ekki út úr lestinni“ – ekki í fyrsta sinn, sem við vorum vöruð við því!

Ég tók eftir því, að báðar þessar konur voru með marga poka og pinkla í farteskinu – gott ef þeir voru ekki fullir af mat. Eitthvað fannst mér það skrítið, án þess að mig grunaði, hver hin raunverulega ástæða væri. Þær voru báðar reiðubúnar að flytja allt sitt hafurtask niður á gólfið, svo að við gætum fengið okkur sæti.

Sú mongólska var ögn þreytuleg miðaldra kona, sem ég ímyndaði mér strax að hefði verið að sækja barnabarnið til Beijing. Þar væri móðirin í vinnu hjá einhverju stórfyrirtæki, þrælaði tólf tíma á dag í „sweatshop“ og hefði engan tíma til að sinna börnum. Það færi betur um dótturina í sveitinni, heima hjá ömmu og afa. Enda var þetta falleg lítil stelpa, kannski nýbyrjuð í skóla, og virtist fullkomlega örugg og hagnöfn í fylgd ömmu sinnar. Við sáum þessar

konur aldrei aftur, því að við vorum í fremsta vagninum, þeim sem fór alla leið til Moskvu, en þær áttu styttri leið að fara.

Jón Baldvin

Annað hvort ferðu með rússnesku lestinni eða þeirri kínversku. Það var allt uppselt með þeirri kínversku, svo að við fórum með þeirri rússnesku. Hún var nú samt undir kínverskri stjórn, þangað til komið var yfir landamærin.

Og hvílíkur munur!

Bryndís

Bara þetta eina orð á farmiðunum okkar – DELUX – vakti með mér óræðar væntingar um eitthvað munúðarfullt, framandi og spennandi. Ég sá fyrir mér uppbúið rúm með sængurfötum úr hvítu silki og himnasæng, þar sem við mundum hvíla daglangt og horfa á gúlagið líða hjá eins og græna sliktu. Rétt eins og við værum að leggja upp í síðbúið „honeymoon“ – sem aldrei var. Ekki seinna vænna!

Það voru því mikil vonbrigði, þegar við vorum leidd inn í venjulegan farþegaklefa með tveimur örmjóum beddum sínum til hvorrar handar og borð á milli. Við þekkjum svona klefa úr ferðalögum um gömlu Evrópu. Kallast þetta lúxus á rússnesku? Gæti verið. Við hefðum hugsanlega þurft að deila klefa með fleirum!



Það hafði líka verið lofað sturtu á „Delux“ farrými, en við vissum það ekki fyrr en í lok ferðarinnar, sjö dögum seinna, að sturtan góða var í næsta vagni og kostaði 150 rúblur hver þvottur. En þar sem allar nauðsynlegar upplýsingar voru ýmist á kínversku eða rússnesku, misstum við af þeim munaði að þvo á okkur kroppinn á leiðinni um sléttur Síberíu.

Þegar við vorum búin að sætta okkur við að fá ekki að sofa undir himnasæng, fórum við að leita að „restaurante“. Það er þó orð, sem allir skilja. Strax daginn eftir fórum við þangað til að seðja hungur okkar. Við vorum með slatta af kínverskum yuans í vasanum og fengum enn eina staðfestingu á því, að Kínverjar eru bestu kokkar í heimi. Þeim verður allt úr engu, óþrjótandi hugmyndaflug. Við vorum sem sagt enn í Kína, rétt ókomin að landamærum Rússlands.

Jón Baldvin

Fyrsta sólarhringinn að landamærum Rússlands horfðum við á nýja Kína út um gluggann. Hafi menn haldið, að byltingin næði bara til borganna en sveitirnar lægju eftir í fortíðinni, þá er það misskilningur. Fyrst endalausir akrar, þar sem hver lófastór blettur er ræktaður. Við, sem erum þó orðin nokkuð hagnöfnuð suður í

Andalúsíu, kunnum ekki nöfn yfir allar þær gróðurtegundir, sem þarna var verið að rækta – fyrir utan hveiti, maís, hrísgrjón.

Og svo komu borgirnar hver af annarri – Sinydschu, Phjongiang og Dzamynude. Það var búið að jafna fortíðina við jörðu. Það sem blasti við út um gluggann voru risavaxin mannvirki, járnbrautarteinar og endalausar hraðbrautir og svo íbúðablokkir allt að þrjátíu hæða, til að hýsa hina nýju borgarbúa – flóttafólkið úr sveitunum.

Hafi Alibur, hagfræðingnum frá Chicago, sem heimsótti Ísland ári fyrir hrun, staðið ógn af byggingarkrönunum á höfuðborgarsvæðinu, þá má segja um hann, eins og Ólafur Ragnar sagði um vini sína, útrásarvíkingana: „You ain't seen nothing yet!“. Þarna blasti við heill frumsógur af byggingarkrönunum. Kína er eitt allsherjar byggingarsvæði. Og þar sem borgunum sleppir, taka við „grónir akrar og slegin tún“.

Kína víbrar af krafti. Á hraðferð inn í framtíðina!

Það var varla farið að birta af öðrum degi, þegar við vorum vakin upp við landamæri Rússlands. Þar með tóku Rússar við stjórn á lestinni. Það byrjaði eins og við mátti búast. Einkennisklæddir og alvopnaðir sérsveitarruddar ráku alla út og rannsökuðu í þaula allt sem fyrir var, í þremur lotum. Fyrst káfuðu þeir á farþegunum. Svo sendu þeir hunda til að sniffa eftir eiturlyfjum. Loks gegnumlýstu þeir farangurinn og farþegaklefan í krók og kring. Allt var þetta gert með meðfæddum ruddaskap lögregluríkisins.

Rússlandi stafar greinilega mikil ógn frá Austrinu, að þeirra mati. Eftir sjö tíma töf, þar sem farþegar fengu hvorki vott né þurrt, hökti lestin loksins af stað inn í víðáttu Síberiu.

Bryndís

Þetta var reyndar skelfileg nótt. Eftir að Kínverjar voru búnir að staðfesta, að við værum réttir eigendur að pössunum okkar, og að við værum að fara út úr landinu þeirra, létu þeir sig hverfa.

Brostu jafnvel í kveðjuskyni.

Rússar tóku við. Þeir voru fjandsamlegir í tilsvörum, töluðu í skipunartón og litu okkur hornauga. Þeim þótti við vera tortryggileg, hugsanlega glæpamenn eða smyglarar. Við vorum alla vega ekki velkomin til Rússlands. Og mér fannst

ég allt í einu vera stödd í glæpamynd frá kaldastríðsárunum – að ég væri jafnvel sjálf að leika aðalsökudólginn í myndinni.

Einkennisklæddir menn og konur óðu um alla lestina, öskrandi og ógnandi. Passport! Visa! Immigration! Allir pappírar voru dregnir upp úr tösku og afhentir til skoðunar. Við Jón Baldvin þóttum sérstaklega vafasöm. Þeir tóku sér langan tíma, fóru á brott með passana okkar og voru lengi – heilan klukkutíma. Ég man, að Jón Baldvin tók þessu með stóiskri ró, sofnaði jafnvel á koddann, á meðan ég beið í ofvæni – var eiginlega orðin taugaveikluð af ótta! Skyldu þeir ætla að neita okkur um dvalarleyfi í Rússlandi? Hvað eiga þeir sökótt við Jón Baldvin? Getur það verið?

Loksins, loksins, tveimur klukkutímum seinna, sneru þeir til baka með passana okkar og hentu þeim á borðið. Sögðu ekkert, litu ekki einu sinni á okkar. Ég var í gömlum slitnum náttkjól einum fata og ætlaði nú að leggjast aftur í rúmið, ná svefni, áður en birti af degi.

En þessu var ekki lokið.

Nokkrum mínútum seinna var klefahurðinni sparkað upp á ný. „Out“ var öskrað. Og við áttum engra kosta völ – við urðum að fara út, án þess að vita hvers vegna, eða hvort við ættum afturkvæmt inn í klefann okkar. Hvað með farangur okkar, væri óhætt að skilja hann eftir? Það voru engin svör við því. Minnti þó Jón Baldvin á að taka með sér pengingaveskið, ef ske kynni. Hann var enn alklæddur, hafði aldrei háttað sig. Mér tókst að grípa græna blússu, sem hékk á snaga við hurðina, þannig að mér fannst ég ekki allsnakin innan um samferðamenn okkar, sem nú voru flestir komnir út á brautarpallinn og biðu frekari skipana.

Við sáum lestina okkar renna á braut, hljóðlaust og stillilega, eins og hún ætlaði bara að taka sér smáhvöld. Þessi óvænta uppákoma minnti mig óþægilega á allar þær bækur, sem ég er búin að lesa um nauðungarflutninga inn í gúlagið, þar sem lífið var murkað úr milljónum venjulegra borgara, og þaðan sem fáir áttu afturkvæmt. Gæti verið, að sagan væri að endurtaka sig?

Loks tók einhver á sig rögg og leiddi hópinn inn í stöðvarhúsið. Þar var okkur vísað inn í stóran sal með nokkrum stólum og stórum sjónvarpsskjá hátt uppi á vegg. Ég sá útundan mér, að verið var að segja fréttir af heimsókn Trumps í höll Elísabetar Bretlandsdrottningar. Ég fékk ekki betur séð, en að drottningin tæki

Trump móðurlega, eins og hverjum öðrum óknyttapeija – þó svo að lýðurinn mótmælti fyrir utan.

Premur tímum seinna sátum við enn í þessum sama sal. Jón Baldvin hafði verið svo forsjáll að kippa með sér bók í þetta óvissunæturævintýri – Great Divide eftir Joseph Stiglitz – og virtist vera í öðrum heimi, leit varla upp. Já, great divide – mannanna kjörum er svo sem misskipt. Alla vega var ég í ömurlegu ástandi, hálfklædd, ómáluð – og peningalaus þar að auki.



Það kom nefnilega á daginn, að í þessu stöðvarhúsi var kaffisala. En hún var þeim annmörkum háð, að þar var ekki tekið við kínverskum peningum – né evrum – hvað þá kortum! Og við vorum ekki með neinar rúblur í vösunum. Hvar hefðum við svo sem átt að fá þær?

Drottinn minn dýri. Hvernig kæmumst við á leiðarenda peningalaus? Það voru enn sex dagar til Moskvu, klukkan hér var enn fimm tímum á undan klukkunni í Moskvu – sem sagt, við áttum eftir að fara yfir fimm tímabelti.

„Hvað eigum við mörg „yuans“, spurði ég manninn, sem enn var niðursokkinn í „Great Divide“. Hann dró upp úr vasa sínum hrúgu af kínverskum seðlum, sem hann taldi í lófa mér. Ég fór fram í þeirri von, að ég gæti keypt rúblur fyrir yuans. Og viti menn! Eg þurfti ekki að spyrja nema einu sinni eða tvisvar til þess að finna rétta manninn – gangandi banka með fulla tösku af peningum. Hann kærði sig ekkert um evrur, en hann skyldi kaupa af mér yuans. „Þú færð 4.500 rúblur. Ertu sátt við það?“ Ég átti ekki annarra kosta vö, enda ekki búin að

kynna mér gengi yuansins miðað við rúblur! Bara fegin að hafa eitthvað í vasanum. Og við yrðum að láta þessa upphæð duga, þar til ferðinni lyki í Moskvu.

Nú yrðum við að gera fjárhagsáætlun.

Skömmu seinna var öllum smalað í lestina á ný. Kannski hún hafi þá skroppið í viðgerð, væntanlega í smurningu.

Alla vega var hún eitthvað hljóðlátari hér eftir – viðkunnalegri.

Jón Baldvin

Hvað bar fyrir augu í Síberíu? Fyrst og fremst endalaus auðn. Öðru hverju gat að líta gamla rússneska þorpið frá níttjándu öld. Hrörlegir timburkofar, skakkir og skældir. Timbrið var víða fúíð, bárujárnið á þakinu ryðgað og lekt. Stundum höfðu konurnar breitt gömul rúmlök yfir þakið til að reyna að draga úr lekanum. Við hvert hús voru garðholur, þar sem ræktaðar voru kartöflur, rófur og kál. Fáeinar hænur voru þarna heimakomnar og sáu fólkinu fyrir eggjum. Annan búsmala gat ekki að líta. Vegirnir voru moldartroðningar, þar sem gamlar rússneskar bíldrulur sátu fastar.



Þetta var eins og út úr skáldsögu frá níttjándu öld – ef ekki úr endurminningum fórnarlamba Stalíns - þ.e.a.s þeirra sem lifðu af úr gúlagi sovétkommúnismans.

Hvílík umskipti.

Og ekki tók betra við í lestinni. Okkur hafði verið sagt, að við værum á lúxusfarrými, með aðgangi að veitingastað og sturtuklefa. Enginn kannaðist við það, þegar á reyndi. Nettenging? Gleymdu því! Borga með kreditkortu? Njet!

Við rifjuðum það upp, að í Kína borguðu krakkarnir jafnvel með símanum sínum. En það breytti ekki því, að Kínverjar eru varir um sig, þegar kemur að umsvifum hinna risavöxnu bandarísku einokunarhringa, facebook og google og co. Þeir eru útlægir frá Kína. Þessvegna höfðum við verið sambandslaus við umheiminn, þegar hér er komið sögu, í einar þrjár vikur.

Kína er stórt, og Rússland er ennþá stærra – að flatarmáli. Það getur enginn ætlast til þess, að almenningur á þessum slóðum tali framandi tungur smáþjóða í Vestur-Evrópu, eins og t.d. Englendinga, Frakka eða Þjóðverja.

Hins vegar er kannski ekki til of mikils mælt, að starfsfólk í ferðaþjónustu, á ferðaskrifstofum, á hótelum og í fjöldasamgöngum geti skilið gesti sína. Því var ekki að heilsa. Og það sem verra var, að andrúmsloft lögregluríkisins er enn við lýði í Rússlandi og birtist þarna í einhvers konar blöndu af valdsmennsku, tómlæti – og jafnvel forakt.

En þetta bjargaðist allt einhvern veginn. Þrátt fyrir allt var fullt af samfarþegum – Rússum, Kínverjum, Kóreumönnum, Indónesum og Indverjum o. fl., sem hjálpuðust að við að leita svara við brýnum spurningum og gera lífið hvert öðru bærilegra. Það er nefnilega alls staðar fullt af góðu fólki, líka í Rússlandi, þrátt fyrir allt.



Við kynntumst fólki sem við hefðum ella aldrei vitað að væri til

Bryndís

Já, þetta bjargaðist allt einhvern veginn. Ferðin varð fyrir vikið einhvern veginn miklu skemmtilegri – innihaldsríkari og forvitnilegri en ella. Við kynntumst fólki, sem við hefðum ella aldrei vitað, að væri til. Nú skildi ég, af hverju innfæddir voru allir með þessa poka og pinkla, fulla af mat og drykk meðferðis. Það var engan mat að fá um borð í lestinni fyrstu tvo dagana eftir að við komum að landamærum Rússlands. Þá loksins var settur tengivagn aftast í lestaröðina og kallað hátt og snjallt „Restauran“, svo að allir gætu heyrt. Og allir gátu skilið.

En það var svo sem ekki eins og við sylvum þessa tvo daga. Ekki aldeilis. Samferðarfólkið bar í okkur mat. Unga konan með smábarn í farangrinum og gisti í klefanum við hliðina á okkur, færði okkur flatkökur, heimalagaða kæfu og agúrkur. Seinna sama kvöld kom síðan eiginmaðurinn með heila flösku af tequila og heimtaði að skála við okkur í lokin! Sagðist hafa keypt flöskuna tollfrítt á lestarstöðinni í Beijing. Hann var í rauninni starfsmaður hjá fíkniefnadeild lögreglunnar í Novosibirsk á heimleið úr fríi.

Og majorinn ungi í klefanum hinum megin við okkur - og hafði komið um borð í Ekaterinburg – færði okkur fullt glas af rauðum berjum, sem hann sagðist hafa týnt þennan sama dag í skóginum við Krasnoyarsk. Svei mér þá, ef þau voru ekki áfeng þessi nýtyndu ber. Sæt og súr og seðjandi, allt í senn. Hann sýndi

okkur stoltur ljósmynd af tólf ára syni sínum í fullum herklæðum. Sá stefndi að því að verða fjórða kynslóð hermanna í ættinni. Samt hafði majorinn ungi aldrei heyrt nefndan Boris Yeltsin, sem þó var fæddur í Ekaterinburg. Hann hvarf á braut næsta dag, þegar lestin hafði viðkomu í borginni Perm.

Samkvæmt fjárhagsáætlun til fjögurra daga máttum við eyða einu þúsundi rúblna (1500 ISK) á dag. Það dugði fyrir núðlusúpu fyrir einn, sem við urðum að skipta með okkur og bjórglasi, sem ég lét eftir Jóni Baldvini. Mér nægði bara vatnsglas.

Hins vegar kom hrísgjónaeldvatnið frá vinum okkar, tölvunördunum í Beijing, sér vel á þessari löngu leið og létti okkur lífið á kvöldin, þegar lestin æddi áfram til móts við sólina, sem var um það bil að hverfa við ystu sjónarrönd.

Eftir á að hyggja var eins og þessi hungurvaka í fjóra daga á ferð yfir sléttur Síberíu hefði gert okkur heilmikið gott. Fastan féll einhvern veginn betur að veruleikanum, sem blasti við fyrir utan gluggann á þessari löngu leið.

Og það kvað vera heilsusamlegt að fasta öðru hverju. Alla vega hafa áhangendur Múhameðs það fyrir satt.

Í Síberíu blasti við, svo langt sem augað eygði, endalausar graslendur, þótt engan búsmala væri að sjá. Að vísu sáum við einu sinni karl á rölti eftir kúnum sínum í fjörunni við Baikalvatnið. En það gerðist bara einu sinni á þessari óralöngu leið. Hvað veldur? Eru allir flúnir í borgirnar? Eða hefur kannski aldrei neinn tekið til hendinni á þessum slóðum?



Þegar nær dró vestrinu, tóku við skógarbelti, sem urðu æ þéttvaxnari eftir því sem vestar dró. Gróðurfarið fékk á sig næstum því íslenskt yfirbragð, ég þóttist jafnvel sjá sóleyjar og fjóllur, lúpínur, klukkublóm, og jafnvel njóla og hvönn. Trén voru líka kunnugleg. Fyrir utan furutrén, sem voru frekust til fjörsins, glitti í birkitré, eik og reyni, alveg eins og heima – en kannski svolítið hávaxnari. Þegar nær dró Moskvu, breiddu úr sér heilar breiður af hvítum og rauðum rósum meðfram lestarteinunum. Þær voru mikið augnayndi og brugðu ljóma á einhæft umhverfið.

Jón Baldvin

Eftir sex sólarhringa, þar sem við skoðuðum söguna út um glugga Síberíuhraðlestarinnar, bjuggumst við hálf í hvoru við, að „Eyjólfur mundi hressast“ (eins og Kiljan orðar það í Skáldatíma), þegar komið væri vestur fyrir Úralfjöllin, í Evrópuhluta Rússlands. Borgirnar í Síberíuhlutanum, eins og Irkutsk og Novosibirsk, báru enn svip iðnbyltingar Stalíns, þar sem blokkum var hróflað upp af vanefnum, enda hafa þær lítt staðist tímans tönn.

Ekaterinburg hefur að einhverju leyti endurheimt sinn sess sem iðnaðarborg (stál, olía og gas). En hrófatildur Krúsjev-Bréznev-tímans setja enn svip sinn á blokkahverfin, sem seint geta talist boðlegar vistarverur fyrir gróandi þjóðlíf. Og alla leiðina til Nizhny-Novgorod og allt að útjaðri sjálfrar Moskvu blasti við

sama, þreytta myndin af rússneska þorpinu. Kofaskrifli í niðurníðslu, en kartöflugarðar sjálfsþurftarbúskaparins ögn betur hirtir. Af og til bar þó fyrir augu nútímalega mannabústaði, sem báru þess merki að vera innfluttir frá Finnlandi.

Hvar er allur auður þessa víðlenda ríkis samankominn, fyrst hann er hvergi sýnilegur á þessum fimm tímabeltum?

III.

Jón Baldvin

Þegar við stigum út úr Síberíuhraðlestinni á Kazan(Austurlanda)-brautarstöðinni í Moskvu, blasti við svarið við spurningunni: Hvar er allur auður Rússlands samankominn? Hann er hér – í Moskvu. Það tók um klukkustund að aka frá brautarstöðinni að hótelinu í Arbat-hverfinu, elsta borgarhverfi Moskvu. Út um bílgluggann sáum við fyrst kraftaverk dólgakapítalismsins á seinustu áratugum, nútímaleg háhýsi, sem voru ýmist höfuðstöðvar fyrirtækja eða hýstu hina nýju millistétt Rússlands Pútíns.

Þegar nær dró miðju, blasti við landeigendaauður 19. aldar aðalsins í flúruðum glæsihöllum, þar sem hirðmenn Zarsins höfðu vetursetu, til að njóta menningar- og munúðarlífs höfuðborarinnar. Loks gat að líta þunglamalega steinkumbalda sovétkommúnismans, sem kenndar eru við prestlærlinginn frá Georgíu, Jósef Vissionarovich Djugashvili – öðru nafni Stalín. Mamma hans sá sem kunnugt er alltaf eftir því, að hann kláraði ekki prestaskólann í Tíblisi, því að þá hefði hann kannski getað orðið biskup!

Merkilegt, annars, þetta með sovétkommúnismann. Flest önnur trúarbrögð sögunnar hafa skilið eftir sig menningararf í byggingarlist, hvort heldur eru kirkjur, moskur eða glæsihallir. Kommúnisminn í Sovétríkjunum og Austur-Evrópu skildi eftir sig ókræsilegar vistarverur í steinkumböldum, sem bíða þess eins að verða jafnað við jörðu sem allra fyrst. Aðra eins sjónmengum í byggingarlist er óvíða að finna.

En þegar þú nálgast hjarta Moskvu – gulli skryddar turnspírur bak við birgða múra Kremlar – skynjarðu ögn valdsins, sem þar fer huldu höfði. Í Beijing hafa þeir næstum því jafnað við jörðu fortíðina (þó ekki forboðnu borgina, sem betur fer). Í Moskvu er valddýrkun nýlenduveldisins höggvin í stein Kremlarmúra.



Einu sinn var þessi borg höfuðborg heimskommúnismans. Þá gekk hér um götur í milljónavís tötralyður á flótta úr sveitum samyrkjubúanna og var gert að keyra þetta hundgamla lénsveldi í gegnum tæknibyltingu og iðnvæðingu Stalíns á undraskömmum tíma. Hvað sagði ekki Lenín, aðspurður um, hvað kommúnisminn væri: „Rafvæðing plús allt vald til verkamannaráðanna“.

Rafvæðingin kom, en valdið faldi sig bak við Kremlarmúra.

Nú búa í Moskvu næstum því jafnmargir milljarðamæringar og í Ameríku allri (en ekki þó jafnmargir og í Kína). Núverandi utanríkisráðherra Kanada, Chrystia Freeland, sem er ættuð frá Úkraínu, skrifaði frábæra bók um tímabil Yeltsins (1992-2000), þegar nokkrar tylftir fjárglæframanna rændu náttúruauðlindum Rússlands, eins og þær lögðu sig, meðan landslýður lapti dauðann úr skel.

Hún kallaði bókina: „Þjófnaður aldarinnar“. Það er réttnefni. Þá var allt í upplausn. Með falli Sóvétríkjanna upplifðu Rússar sitt Hrun, rétt eins og Íslendingar hálfum öðrum áratug síðar. En með valdatöku KGB liðsforingjans, Pútins, hefur aftur verið komið á „röð og reglu“, undir styrkri stjórn. Skoðanakannanir, sem flestir virðast taka mark á, staðfesta, að Rússar kunni vel að meta sterka manninn í Kreml. Hann hefur skapað sér ímynd sem fjölbragðaglímkappi, villidýratemjari og orrustuþotuflugmaður. Karlmennskan holdi klædd. Feministar komast ekki upp með múður undir hans stjórn. Hvernig fór ekki fyrir „Pussy riots“?

Auðkýfingarnir hafa síðan lært það að fenginni reynslu, að valdið er aftur falið bak við Kremlarmúra. Allt vald er í höndum leyniþjónustunnar. Þjónirðu því, færðu óáreittur að safna auði (og fela hann í skattaskjólum). Dirfistu að sýna mótþróa, þá er voðinn vís. En meðan þú borgar viðeigandi þóknun inn á bankareikninga valdaelítunnar, þá gengur þetta eins og smurð vél.

Bryndís

Á utanríkisráðherraárum sínum urðu þeir mestu mátar, Jón Baldvin og Andrei Kozyrev, sem var seinasti utanríkisráðherra Gorbachevs og fyrsti utanríkisráðherra Yeltsins. Kosyrev var þingmaður frá Murmansk, hafnarborginni miklu við Kolaskaga. Sem slíkur var hann þátttakandi í Barentshafsráðinu, sem Thorvald Stoltenberg, utanríkisráðherra Norðmanna – blessuð sé minning hans – stofnaði á þessum árum sem samráðsvettvang Norðurlanda og Rússa um hafréttarmál og fleira.

Kozyrev var kornungur í samanburði við forvera sína í Sovételítunni og gamansamur í besta lagi. Kannski var það ástæðan fyrir því, hvað þeim kom vel saman, Jóni Baldvini og honum! Nema hvað, Kozyrev bauð hinum íslenska kollega sínum í opinbera heimsókn til Rússlands, og ég fékk að fljóta með.

Í fámennu kvöldverðarboði í logagylltum veislusölum skemmti Kozyrev gestum sínum með eftirfarandi sögu:

Þegar hann var kosinn á þing, þurfti fjölskyldan að flytja búferlum í nýja íbúð. Þegar verið var að pakka, kom upp í hendurnar á húsbóndanum prófskírteinið gamla frá alþjóðamálastofnun utanríkisráðuneytisins, sem útskrifaði diplómata – og njósnara – í den.

Þar stóð: Andrei Kozyrev hefur útskrifast með láði í eftirfarandi fræðum: Sögu Kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna, dialektískri efnishyggju, marxískri söguskoðun, lenínskri stjórnvisku og heildarhyggju Stalíns. Og hananú!

Án þess að Andrei tæki eftir því, hafði dóttir hans, sem var háskólanemi í Kaliforníu í hugbúnaðarverkfræði, læst inn í herbergið. Hún lagði hendurnar um hálsinn á honum og renndi augum yfir útskriftarskjalið yfir öxlina á honum, en sagði síðan stundarhátt: „En pabbi, fékkstu þá aldrei neina menntun?“

En að öllu gamni slepptu, eyddum við nokkrum dögum á eigin vegum í Moskvu – þetta var árið 1993 – laus við fylgdarmenn valdsins, þar sem við reyndum að blanda okkur inn í mannþröngina.

Þetta var í Arbat-fátækrahverfinu, þar sem við gistum núna á fínu hóteli.

Fyrst þræddum við söfn um skáldaævur Puskins, Tolstoys og Gogols, en römbuðum síðan af einskærri tilviljun inn á risavaxinn útimarkað á Arbat. Þar var örtröð af fólki. Það átti að heita svo, að þarna væru matföng á boðstólum, en það væri synd að segja, að borðin hafi svignað undan krásum.

Það sem sveið sárast í augun og líður mér seint úr minni, var að sjá aldraðar konur, útslitnar og vannærðar, falbjóða búsáhöld, rúmföt eða fatapjötur í von um að geta önglað saman fyrir mat. Var svona komið fyrir Rússlandi eftir 70 ára kommúnisma? Var þetta hlutskipti ekkjunnar eftir hinn stolta hermann Rauða hersins, sem var sigurvegari Seinni heimsstyrjaldarinnar og hafði malað innrásarher þýska nazismanns mélinu smærra?

Miskunn? Réttlæti? Guð hjálpi oss.

Hefur nokkur þjóð mátt þola á eigin skinni aðrar eins hörmungar og Rússar á 20stu öldinni? Þeir áttu meira en nóg af kjarnorkusprengjum til að tortíma mannkyninu mörgum sinnum, en áttu varla fyrir kartöflum út í súpuna.

Og ekki bætti úr skák hroki og yfirgangur hinna nýríku, sem geystust áfram á glæsivögnum með vopnaða lífverði í bak og fyrir og virtu engar umferðarreglur né neina fyrirstöðu.

Jón Baldvin

Var þetta arfleifð Leníns? Er niðurlæging þessara ára ekki lykillinn að því að skilja hefndarpólítík Pútíns?

Fótboltaveislunni miklu var rétt lokið í Moskvu, þegar okkur bar að garði að þessu sinni. Það var með ráðum gert. En við vildum skoða nýju Moskvu, eins og allir ferðalangar gera. Við fórum í langar gönguferðir. Upplifðum söngvakeppni kóra víðs vegar að frá Rússlandi á Rauða torginu. Rússnesk þjóðlagatónlist býr í senn yfir djúpri angurværð og geislar af meiri lífsgleði og þrótti, en getur að heyra í tónlist flestra annarra þjóða.



Svo fórum við í skoðunarferð á efri hæð í strætó með fararstjóra, sem sagði okkur ýmislegt smálegt úr sögu seinni áratuga, en forðaðist eins og heitan eldinn að lýsa þeim sögulegu hamförum, sem gengið hafa yfir Rússa. Því næst sigldum við á ánni, sem hlykkjast utan um og undan Kremlarmúrum, á afrennsli sjálfrar Volgu, hinnar miklu móður Rússlands. Og borðuðum borsj og blíní eins og við gátum í okkur látið.

Ætli neðanjarðarlestin í Moskvu sé ekki það mannvirki Stalínstímans, sem helst stenst tímans tönn? Þar var ekkert til sparað, hvorki í fjármunum né mannlífum. Marmaraklæddar brautarstöðvar virtust gefa til kynna, að ofanjarðar þróaðist blómlegt mannlíf. Við vorum fljót að átta okkur á metró, eins og við köllum það, að fenginni reynslu frá París, London og New York.

En þetta sló allt út. Ég vildi, að við tækjum einn hring til að geta með sanni sagt, að við hefðum ferðast með metró í Moskvu. Allt í einu blasti við stórt auglýsingarplakat: Bolshoi.

Eins og ósjálfrátt spruttum við á fætur, stigum af lestinni og upp á yfirborðið. Víst fundum við Bolshoi, en komum að luktum dyrum, enda hásumar. Í staðinn fundum við okkur notalegt kaffihús, sem bauð upp á kaffi og kruðerí með Bolshoi í auglýsingu.



Bryndís

Það rifjaðist upp fyrir mér, að þegar ég var stelpukrakki að stíga fyrstu sporin sem ballerína á sviði Þjóðleikhússins, undir leiðsögn Bidsted heitins, fékk Ragnar í Smára þá flugu í kollinn, að það ætti að senda mig til framhaldsnáms í ballet til Rússlands. Hann ræddi málið við Kristin E. Andrésson, bókmenntapáfa í Máli og menningu – gott ef hann var ekki líka formaður MÍR (Menningartengsla Íslands og Ráðstjórnarríkjanna). Að vísu var það ekki Bolshoi, heldur Kirov ballettinn í Leningrad, nú Sankti Pétursborg.

Þetta var komið vel á veg í gegnum skriffinnskuna, en að lokum guggnaði ég á því. Einhvern veginn sá ég mig ekki í anda innan um þessar smávöxnu og fisléttu rússnesku ballerínur að dansa Svanavatnið í fuglslíki. Auk þess var ég of hávaxin – fimmtán sentimetrum of há fyrir *corps de ballet*.

Ég vildi klára stúdentspróf og fara síðan til Parísar. Ég ætlaði að læra frönsku. Ég sé það að vísu núna eftir þessa ferð um endalausar sléttur Síberíu og fimm tímabelti, að mér hefði verið nær að fara til Rússlands og læra rússnesku – eða þá kínversku. Það hefði alla vega komið sér vel núna, þegar ég þurfti verulega á því að halda. Evrópa var á þessum árum nafli heimsins í mínum huga, og ég sá ekki inn í framtíðina.

Við sátum drjúga stund á þessu notalega kaffihúsi og rifjuðum saman upp minningar okkar um Rússland, allt frá unglingsárum. Þær voru af ólíkum toga. Í mínum huga var Rússland umvafið ljóma sem land „*haute culture*“, tónlist

Tsjaikovskys, ballet Diagilevs og ástríðuþrungnar og tilfinningaríkar bókmenntir Tolstoys – og svo seinna töfraveröld leikhúss Chekovs. Þetta var mitt Rússland – alveg burtséð frá byltingarbölmóði heimskommúnismans. Það var Bolshoi versus byltingin.

Jón Baldvin upplifði þetta allt öðru vísi. Hann sagði sig úr skóla í fimmta bekk til að lesa Marx. Að vísu keypti hann sér píanó og fór í tónlistarskóla, þar sem hann var farinn að spila Béla Bartok. En Rússland fyrir honum var land byltingarinnar. Hann las Lenín og Trotsky, sankaði að sér bókum um rússnesku þjóðfélagstilraunina og síðar um Austur-Evrópu.

Niðurstaðan varð sú, að hann gerðist forhertur andkommúnisti. Erkikrati þaðan í frá – óbifanlegur.

En þegar öllu er á botninn hvolft, er hann kannski dæmigerður fyrir afstöðu margra Evrópumanna til Rússlands. Er þetta ekki eins konar ástar-haturs samband? Aðdáun á rússneskri menningu (þegar aðrir hlusta á Bítlana, hlustar Jón Baldvin á tenórakór Rauða hersins), en hatur á hrottaskap og grimmd rússnesks þjóðfélags frá þrælahaldi landeigendaaðalsins til pyntingameistara leynilögreglu Stalíns og til dags dato. Hvað eru þeir búnir að skjóta marga blaðamenn og stjórnarandstæðinga fyrir framan nefið á okkur hérna á götum Moskvuborgar?

Í þessari ferð okkar núna upplifðum við hvort tveggja: Tæra gleði hins rússneska þjóðlags á Rauða torginu og ruddaskapinn og mannfyrirlitninguna á Síberíuhraðlestinni.

En nú var komið að kveðjustundinni.

Sheremetyevo, alþjóðaflugvöllurinn fyrir utan Moskvu er flottur arkitektúr. Þar er hátt til lofts og vítt til veggja. Við vorum á leið til Berlínar og þurftum að hafa hraðan á. Þegar við nálgumst vegabréfaskoðun, kom ég auga á skilti, sem gaf fyrirheit um fljóta afgreiðslu – DIPLOMATS. Það minnti mig á, að fyrrverandi utanríkisráðherra nýtur þeirra forréttinda, að hann og eiginkonan eru handhafar diplomatapassa. Á öllu okkar flandri hef ég aldrei orðið þess vör, að það breytti neinu í reynd. En kannski í þetta skipti. Ég lét á það reyna og flaug í gegn.

Jón Baldvin

En þegar ég ætlaði að endurtaka leikinn, skall allt í lás. Ég var læstur inni, komst hvorki út né inn. Lögreglukonan í búrinu rýndi vel og lengi á skjáinn. Þar var greinilega eitthvað að sjá, sem þarfnaðist nánari athugunar. Hún kallaði á yfirmann. Þau rýndu brúnaþung á skjáinn og leist greinilega ekki á blikuna. Þau opnuðu enn einn skjáinn, sem gaf þeim samband við æðri máttarvöld.

Allt tók þetta sinn tíma. Innan skamms komu lögreglumenn með alvæpni á vettvang. Þrátt fyrir stíf fundahöld virtist enginn geta tekið af skarið um, hvað ætti að gera við þennan hættulega mann. En af öllu þessu umstangi mátti ráða, að það var eitthvað meiri háttar að finna um Jón Baldvin á databanka KGB.

Að lokum birtist maður í einkennisbúningi, og af öllu hans fasi mátti ráða að væri háttsettur. Hann tók loks af skarið, stimplaði passann með offorsi, og urraði á þýsku: Heraus – út!

Bryndís

Jón Baldvin á það til að bregðast við uppákomum öðru vísi en við er að búast. Hann var ekki hissa, ekki hræddur, ekki reiður. Hann lék satt að segja á als oddi og brosti út undir bæði eyru. Svo sagði hann: Það er greinilegt, að KGB lítur á mig sem stórhættulegan mann! Svei mér þá, ef ég fer ekki að trúá því, sem þeir segja á safninu í Tallinn, að ég sé í hópi fimmtán manna, sem lagt hafi mest af mörkum við að stuðla að hruni Sovétríkjanna.

Svo skelli hló hann.

Að öðru leyti var tíðindalaust á Vesturvígstöðvunum. Tveimur og hálfum tíma síðar vorum við lent í Berlín.

Jón Baldvin

Það voru mikil viðbrigði að sjá á bak hinu nýja Kína og stíga um borð í Síberíuhraðlestina Rússlandsmegin. Það voru ekki síður viðbrigði nú að lenda í Berlín eftir þessa Bjarmalandsför. Eiginlega anti-klimax. Í Schönefeld var ekkert sem minnti á vafasama fortíð Þýskalands. Ekkert keisaralegt þrjál, engar myndastyttur. Allt var slétt og fellt. Í stáli, gleri og plasti. Funktionalt. Engir stórveldisdraumórar sýnilegir.

Það kom á daginn, að leigubílstjórinn, sem ók okkur í áfangastað, var Tyrki. Hann reyndist vera hinn skrafhreifnasti. Hann hafði búið í Þýskalandi í 36 ár. Einmitt þennan dag var allt vitlaust í Þýskalandi vegna þess að tyrkneskur leikmaður í þýska landsliðinu í fótbolta hafði sagt sig úr liðinu eftir sneypuför þess á HM og snúið heim til Tyrklands með þeim ummælum, að honum væri ekki vært í Þýskalandi vegna rasisma og útlendingaandúðar, sem beindist ekki síst að Tyrkjum.

Bílstjórinn gaf lítið fyrir þetta uppnám. Sagði þetta plott runnið undan rifjum Erdogans og í hans anda. Hann kvaðst geta trútt um talað af eigin reynslu. Það væsti ekkert um þessar fjórar milljónir Tyrkja í Þýskalandi. Alla vega hvarflaði ekki að þeim að snúa aftur til Tyrklands – undir stjórn Erdogans.

Þegar hann heyrði, að við værum að koma frá Moskvu, fékk Pútin líka sinn skammt. Pútin og Erdogan væru af sama sauðahúsi. Þeir væru einræðisherrar, sem sjálfir kyntu undir rasisma og útlendingahatri og beittu þá, sem ekki væru nægilega undirgefnir, purkunarlausu ofbeldi. Enda gætu menn ekki lengur um frjálst höfuð strokið í þessum löndum.

Hún Marta, dóttir Snæfríðar, skaut yfir okkur skjólshúsi í stúdentaíbúðinni sinni í Kreuzberg, þar sem við ætluðum að dveljast í tæpa viku. Kreuzberg er gamalgróið verkamannahverfi frá fyrri tíð, eins og götuheitin bera enn með sér: Breiðstræti eru kennd við Karl Marx, Rósu Luxemburg og Karl Liebknecht. Og í götunni þar sem Marta býr, er minnismarki um Friedrich Ebert, formann sósíaldemókrataflokksins og fyrsta forseta Weimar lýðveldisins. Úgáfufyrirtæki og hugveita þýska krataflokksins eru einmitt við hann kennd. Sjálfur hef ég meira að segja birt greinar á vefritinu Social Europe, sem þýsku kratarnir eiga aðild að.

En Kreuzberg hefur tekið stakkaskiptum í tímans rás, eins og reyndar Þýskaland sjálft. Á árunum eftir Seinna stríð, þegar skorti vinnuafli til að endurbyggja Þýskaland upp úr rústum stríðsins, var það orðið eitt helsta innflytjendahverfi Berlínar, þar sem Tyrkir voru fjölmennastir. Núna spranga hér um götur sýnishorn af flóru mannkynsis frá öllum heimshornum, hvítir, gulir og svartir, í bland við hippa, homma og lesbur. Þetta er kannski ekki dæmigert fyrir Þýskaland, en svona er Berlín í dag. Og lífsstíllinn er eftir því.

Þeir sem ekki fara ferða sinna fótgangandi, eru á hlaupabretti eða á hjóli. Þeir sem ekki láta sér nægja þessa farkosti, komast leiðar sinnar á litlum fólksvögnum eða fiötum. Sjálfur húsakosturinn er vandaður, eins og vænta má

af Þjóðverjum. Eitt er þó til stórra lýta: það getur varla svo að líta auðan vegg, að hann sé ekki útbíður í subbulegu graffíti eftir neðanjarðar nafnleysingja, sem kjósa að skeyta skapi sínu með því að spilla umhverfinu fyrir öðrum. Þetta virðist reyndar vera orðin óviðráðanleg plága, sem setur sorasvip víða á borgir Evrópu.

Ég þykist vita, hvernig Pútin mundi taka á þessum nátthrófnum, enda hvergi að sjá subbuskap af þessu tagi á almannafæri í Moskvu.

Hvar er nú þýski aginn?

Á þessu ferðalagi upplifðum við með eigin augum þau öfl, sem eru að verki við að móta gerbreytta heimsm mynd á plánetunni jörð: Ris Asíu og hnignun Evrópu. Seinustu aldirnar hefur Evrópa verið nafli heimsins. Vísindabylting í þjónustu evrópskrar nýlendustefnu hefur teyggt anga sína um allan hnöttinn. Það er varla til sá staður á jarðríki, að hann sé ósnortinn. En þessu tímabili er lokið.

Sú var tíð, að Þýskaland var hið rísandi stórveldi, sem ögraði heimsyfirráðum hinna enskumælandi þjóða. Það kostaði tvær heimsstyrjaldir. Með Fyrri heimsstyrjöldinni framdi evrópsk siðmenning sjálfsmorð, sem var innsiglað í Seinni heimsstyrjöldinni og staðfest með hruni nýlenduvelldanna. Rússland er í þessu ferli núna.

Verður ris Kína með friðsamlegri hætti en Þýskalands forðum? Við munum ekki lifa til að segja frá þeim tíðindum. Kannski er ekki borin von, að mannkynið geti lært af reyslu sinni – þrátt fyrir allt.

Bryndís.

P.s. Síðustu fréttir frá Beijing herma, að hin ráðagóða Angel, eiginkona Yunings, tölvusérfræðings hjá Disneyland, hafi nú ráðið sig sem kynningarstjóra hjá stóru kínversku útgáfufyrirtæki – sé alsæl og alveg hætt að láta sér leiðast! Afi og amma sjá um barnið fimm daga vikunnar, en strákurinn kemur heim um helgar.

Yuning heldur því fram, að allt þetta sé Missus Schram að þakka – að hún hafi haft góð áhrif á konu sína!

Jón Baldvin

Nú reynir á, hvort Nýja Kína beri gæfu til að gera konum kleift að gera hvort tveggja í senn: gegna móðurhlutverkinu og njóta hæfileika sinna með þátttöku á

vinnumarkaðnum. Í þessu efni vísuðu Norðurlönd veginn, eins og ég sagði þeim.

Bryndís Og hananú!

